



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 9. apríl 2018

USK2018020041

5.8

Borgarráð

### *Vatnsmýri við Norræna húsið.*

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurbætur á gönguleiðum og þátttöku við smíði göngubryggju við Hústjörn í Vatnsmýri við Norræna húsið.

Verkið er unnið í samstarfi við Norræna húsið sem sér um og kostar framkvæmdir við stíga og yfirborðsfrágang innan lóðar.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í apríl og verði lokið í júní 2018.

Kostnaðaráætlun 2 er 50 mkr.

#### Greinargerð:

Árið 2012 efndu Norræna húsið, Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg til samkeppni um heildarskipulag fyrir svæðið milli Sturlugötu, Sæmundargötu, Hringbrautar og Njarðargötu. Samkeppnin lagði áherslu á að tengja svæðið betur við aðra borgarhluta og skapa stærra samfellt grænt svæði í borginni. Auk þess að opna gátt milli Tjarnarinnar og Vatnsmýrinnar, undirstrika sérstöðu friðlandsins, bjóða upp á upplifun og aðgengi fyrir alla.

Ný göngubryggja við Hústjörn með tengingum við göngustíga borgarinnar og Norræna hússins mun augljóslega bæta umferð gangandi, skapa rými fyrir dvöl á svæðinu og gera tjörnina við Norræna húsið aðgengilega. Tækifæri skapast til að fylgjast betur með villtu fuglalífi og njóta náttúru í friðlandinu í Vatnsmýrinni.

Kostnaðarstaður: 3108

Kostnaðaráætlun 2: 50 mkr.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Kynning

# VATNSMÝRIN

GÖNGUBRYGGJA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ



**Umhverfis- og skipulagssvið**  
skrifstofa framkvæmda og viðhalds



# VATNSMÝRIN

GÖNGUBRYGGJA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ



# VATNSMÝRIN

## GÖNGUBRYGGJA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ



- Uppgröftur og jarðvinna við Hústjörn
- Smíði göngubryggju
- Tenging bryggju við stíga
- Lágstemmd lýsing við bryggju



# VATNSMÝRIN

## GÖNGUBRYGGJA VIÐ NORRÆNA HÚSIÐ



- Áætlað er að framkvæmdir hefjist í mars og ljúki í júní
- Áætlaður kostnaður er samtals 50 mkr

**TAKK**  
**FYRIR**



**Umhverfis- og skipulagssvið**  
skrifstofa framkvæmda og viðhalds